

DEILISKIPULAG LAVA SHOW, MÝRDALSHREPPI

TILLAGA AÐ SKIPULAGSLÝSING SKV. 1.MGR. 40. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

HELSTU VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Deiliskipulagstillagan nær til lóðarinnar Víkurbraut 5, sem er skilgreind sem verslunar- og þjónustulóð V3 í aðalskipulagi Mýrdalshrepps og nær einnig yfir hluta af Lystigarði L, sjá afmörkun á myndum 1 og 2. Lóðin Víkurgata 5 er 2.888 m² að stærð. Skipulagssvæðið nær til um 4.000 m² svæðis. Í tillögunni er gert ráð fyrir að lóðarhafi fái til afnota, samkvæmt samningi við sveitarfélagið, um 12 metra inn á svæði sem skilgreint er fyrir Lystigarð, í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps, næst Víkurbraut en 5 metra inn á svæðið næst Sunnubraut. Hugmyndin er að bílastæði á lóð hreppsins við lystigarðinn geti einnig nýst þegar samkomur eru á því svæði. Við deiliskipulag lóðarinnar og lystigarðs eru eftirfarandi markmið höfð að leiðarljósi:

1. Markmið við vinnslu deiliskipulagstillögunnar er að deiliskipuleggja sýningarsvæði með veitingaaðstöðu og íbúðum til útleigu sem gististað 2 en geta einnig verið nýttar til langtímaleigu.
2. Áhersla er lögð á byggingar, aðkoma og bílastæði falli vel að nærumhverfi. Áætlað er að heildarbyggingarmagn á lóð gæti orðið allt að 1440 m²

FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FORSENDUR

Á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustulóð V3 og að hluta til sem Lystigarður. Nýtingarhlutfall reits V3 er 0,5 í aðalskipulagi.

SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Drög að skipulagsferli

Eftirfarandi eru tillaga að skipulagsferlinu og tímasetningum birt með fyrir vara um breytingar.

- | | |
|--------------------|--|
| • Mars 2021 | Lýsing á skipulagsverkefni send Skipulagsstofnun til umsagnar. |
| • Mars 2021 | Lýsing á skipulagsverkefni auglýst á heimasíðu Mýrdalshrepps. |
| • Apríl 2021 | Afgreiðsla sveitarstjórnar á deiliskipulagstillögu og br. á aðalskipulagi vegna heimildar til auglýsingar. |
| • Apríl – Maí 2021 | Auglýsing á deiliskipulagstillögu. |
| • Maí – júní 2021 | Móttaka athugasemda. |
| • Júní 2021 | Samþykkt deiliskipulags í skipulagsnefnd og sveitarstjórn. |
| • Júní 2021 | Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun. |
| • Júní 2021 | Gildistaka deiliskipulagsins auglýst. |

Kynning og samráð

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Einnig verður óskað umsagna frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun.

Skipulagslýsing verður auglýst og tekið við athugasemdum vegna hennar.

Gert er ráð fyrir að á vinnslutíma skipulagsins verði haft samráð við lóðarhafa nærliggjandi lóða.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma og verður öllum athugasemdum svarað skriflega.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulags



Mynd 2. Afmörkun svæðis á gildandi aðalskipulagi